

SAMKOMULAG UM GRUNN TIL FRAMHALDS KJARAVIÐRÆÐNA

Reykjavíkurborg og Efling - stéttarfélag gera með sér eftirfarandi samkomulag.

Í væntanlegum kjarasamningi verði grunnþrep launatöflu Eflingarfélaga sem starfa hjá borginni hækkuð um á bilinu 100-110 þúsund krónur á samningstímanum. Hækkunin fari úr því að vera 110 þúsund krónur í lægstu launaflokkum niður í 100 þúsund krónur í hæstu launaflokkum. Hækkunin verði 110 þúsund í launaflokkum 228 og neðar og fjari út niður í 100 þúsund í launaflokkum 250 og ofar með jöfnu millibili. Er þar með kominn á sameiginlegur skilningur milli samningsaðila um grunnlaunahækkunar í komandi kjarasamningi. Samkomulagið nær ekki til launagreiðslna utan launatöflu, svo sem sérgreiðslna, uppbóta og álagsgreiðslna.

Með þessu samkomulagi hefur að mati samningsaðila skapast grundvöllur til frekara framhalds viðræðna. Samninganefndum er falið að vinna áfram að lausn kjaradeilunnar undir stjórn ríkissáttasemjara, með það í huga að leysa úr útistandandi samningsatriðum. Samkomulag þetta felur ekki í sér afstöðu eða skuldbindingu varðandi önnur samningsatriði en launatöflu.

Til viðurkenningar á samkomulagi þessu frestar Efling - stéttarfélag verkfallsaðgerðum frá klukkan 00:01 í upphafi dags miðvikudaginn 4. mars og fram til klukkan 23:59 í lok dags fimmtudaginn 5. mars, samtals í tvo sólarhringa. Félagsmönnum er heimilað að vinna í samræmi við gildandi kjarasamning á þessum tíma. Að þeim tíma loknum hefst verkfall að nýju nema samningsaðilar hafi orðið ásáttir um annað.

Afrit sent ríkissáttasemjara.

Reykjavík, 3. mars 2020

f.h. Reykjavíkurborgar

f.h. Eflingar

Dagur B. Eggertsson
borgarstjóri

Sólveig Anna Jónsdóttir
formaður